

Sundkennsla í 9. og 10. bekk

Skólaárið 2018-2019 fengu íþróttakennarar og stjórnendur skólans greinargerð frá nemendum unglingsstigs þar sem þeir óska eftir því að nemendur fái færi á að ljúka sundstigi fyrr en að vori í 10. bekk. Til þess að verða við þessari ósk nemenda hefur verið sett af stað tilraunarverkefni skólaárið 2019-2020. Eftir 15 kennslustundir í sundi stendur nemendum í 9. og 10. bekk til boða að ljúka vetrinum með annarri tegund hreyfingar standist þeir viðkomandi sundstig. Að sjálfsögðu geta nemendur einnig mætt í sund út veturinn kjósi þeir það, líkt og undanfarin ár. Dæmi um hreyfingu sem gæti verið boðið upp á eru gönguferðir á fjöll og um flatlendi, dans, íþróttamót, tækjasalur, skíði, skautar.